


Hafnarfjarðarbær / Bæjarstjóri Hafnarfjarðar 15. Jún.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	16/6 2014
Málsnr:	140 54 54
Bréfali:	521-1

Afrit sent á bæjarfulltrúa

Með bréfi dags. 4. júní hefur skipulagsstjóri Hafnarfjarðarbæjar lagst gegn erindi okkar um leyfi til vinnslu á bleikju fyrir sölu á markaði hér heima og erlendis, í húsnæði okkar við Steinhellu 17b. Þrátt fyrir að engar athugasemdir séu varðandi þessa starfsemi í umræddu húsnæði af hálfu heilbrigðiseftirlits á okkar umdæmissvæði né af hálfu matvælaeftirlitsins, þá ber fulltrúi skipulagsyfirvalda í Hafnarfirði því við að ekki sé heimilt að vera með matvælastarfsemi á umræddu svæði þar sem það sé innan svonefnds þýningarsvæðis frá álverinu í Straumsvík. Í því sambandi er einnig vísað til ákvæða í gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar.


Rétt er að vekja athygli á því að margvísleg starfsemi sem er tengt matvælaíðnaði með einum eða öðrum hætti er til staðar og starfar óhindruð á svæðinu. Er þar m.a. um að ræða umbúðavinnslu fyrir matvæli af ýmsum toga og kælivörur fyrir matvælaíðnað svo eitthvað sé nefnt, auk þess sem fjöldi mótuneyta á stærri vinnslustöðum er til staðar á svæðinu, að ekki sé minnst á í álverinu sjálfu.

Það er illskiljanlegt að árið 2014 sé enn verið að vísa til margra áratuga gamalla viðmiðunarlína á skipulagsuppráttum þegar teknar eru ákvarðanir um hvaða starfsemi sé heimilud á atvinnusvæðinu í Hellnahrauni. Viðmið vegna svonefnds þýningarsvæðis sem voru sett við upphaf rekstrar álversins í Straumsvík á engan veginn við í dag, enda liggur fyrir að í samkomulagi sem Hafnarfjarðarbær og eigendur álversins gerðu með sér við skipulagsvinnu um mögulega stækkun á starfsemi álversins í árslok 2006 og kynnt var í aðdraganda íbúakosningar á vordögum 2007, var sérstaklega tekið fram að allar forsendur væru til þess að minnka áðurnefnt þýningarsvæði umtalsvert og koma útínum þess að mestu útfyrir iðnaðarsvæðið í Hellnahrauni.


Nú er nær áratugur liðinn frá því að þessi væntalega breyting var kynnt bæjarbúum og rekstraraðilum á iðnaðarsvæðinu og skýtur því nokkuð skökku við að enn sé verið að vísa til úreltra viðmiða varðandi umrætt þýningarsvæði og viðhalda því í aðalskipulagi bæjarins. Með því móti er komið í veg fyrir margvíslega uppbyggingu og starfsemi á atvinnu- og iðnaðarsvæðinu í Hellnahrauni eins og við höfum fundið illilega fyrir varðandi viðbrögð skipulagsyfirvalda bæjarins. Það getur varla verið afstaða og sjónarmið bæjaryfirvalda að ætla að standa í vegi fyrir fjölbreytilegri starfsemi á þessu atvinnusvæði.

Með erindi þessu förum við þess á leit við bæjaryfirvöld að nú þegar verði gripið til þeirra aðgerða sem þörf er á til að koma þessum málum í það horf sem vísað var til í skipulagstillögum frá því í desember 2006 um endurskoðun og stórfellda minnkun á svonefndu þýningarsvæði. Jafnframt förum við þess á leit við bæjaryfirvöld að sú starfsemi sem við höfum óskað eftir að koma upp í okkar húsnæði verði heimilud, enda engar aðrar athugasemdir við þá starfsemi af hálfu heilbrigðis, eftirlits- og umsagnaraðila en þær sem komið hafa frá skipulagsyfirvöldum í Hafnarfirði og byggja á gömlum og úreltum viðmiðunum, eins og bæjaryfirvöld og ráðamenn álversins hafa sjálfir upplýst um fyrir langtum löngu.

Virðingarfyllt fyrir hönd Steinhellu 17



Guðmundur Adólfsson



Jónas Stefánsson